

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Blástur og tengingar á ljósleiðarakerfi Leiðarljóss í Kjós
- 1.2. **Dagsetning:** 18.2.2019 **Fundartími:** 9:00 – 10:00
- 1.3. **Staður:** Ásgarður í Kjós
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Guðmundur Daníelsson (GD), Kjartan Ólafsson (KÓ), Eiríkur Sæmundsson (ES), Sigríður Klara Árnadóttir (SKÁ), Karl M. Kristjánsson (KK).

## 2. Dagskrá

- 2.1. Útistandandi mál frá síðasta verkfundi.
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við.
- 2.3. Næstu skref og áfangar.
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins.

## 3. Umræður

- 3.1. Á síðasta verkfundi var rætt um form vegna aukaverka. GD lagði fram hugmynd af eyðublaði. Samþykkt að nota eyðublaðið fyrir öll aukaverk, þ.e. verk sem ekki rúmast innan útboðsgagna. ES óskaði eftir viku fresti á að skila inn verkáætlun. Tilgreind ástæða er sú að verktaki er að átta sig betur á aðstæðum og mögulegum verkhraða. Samþykkt af hálfu verkkaupa að ES sendi verkáætlunina í líðandi viku og hún verði rædd á næsta verkfundi.
- 3.2. Unnið er að blæstri strengja í áfanga 1 og 2. Byrjað er að blása stofnstrengjum jafnt sem heimtaugum. KJ taldi að mikill tími færi í að losa vinnubíla úr snjó og saknaði betur útbúinna bifreiða í verkefnið. ES sagði að það standi til bóta. Stefnt er á að setja tengimiðu í Hjarðarholti upp í næstu viku, fæst staðfest með tilkomu verkáætlunar.
- 3.3. Áfram verður unnið í áfanga 1 og 2. Umræða varð um fjölda áfanga sem væri unnið í samtímis. ES sagði að það væri kostur að hafa möguleika á að vinna í sem flestum áföngum samtímis. GD taldi það hafa þann ókost að hugsanlega þyrfti að fara oft en einu sinni í hvern brunn til að blása strengjum, enda er töluverð hreyfing á umsóknum frá notendum. ES sagði að það væri hagkvæmara fyrir verktaka að hafa fleiri áfanga undir í einu, jafnvel þó svo að fara þyrfti í brunna oft en einu sinni. Það myndi rúmast innan einingaverða tilboðsins svo fremi sem heimtaugar hverju sinni væru nokkrar í hvert sinn sem þyrfti að sinna.
- 3.4. Næsti verkfundur ákveðinn mánudaginn 25. febrúar klukkan 9:00 í Ásgarði.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. ES sendir verkáætlun með tölvupósti fyrir verkið í heild sinni fyrir næsta verkfund.